

Fjármálahreysti

Fjármálahreysti er fjármálafræðsluleikur fyrir unglinga í efstu bekkjum grunnskóla. Um er að ræða gagnvirkann leik sem spilaður er á slóðinni www.fjarmalahreysti.is. Vefurinn er byggður upp sem hlýtarnámsleið í gegnum 4 efnissvið, sem hvert er með fjögur fjögurra spurninga verkefni. Efnissviðin taka mið af ramma OECD í fjármálafræðslu sem fjallað er um hér að neðan.

Uppbygging og gangur leiksins

Fjármálahreysti er einfaldur spurningaleikur þar sem þátttakendur takast á við 4 efnissvið með 12 verkefnum sem hvert samanstendur af 4 spurningum. Leikurinn er spilaður þannig að þátttakandi þarf að vinna öll 12 verkefni til að klára leikinn. Í leiknum þurfa þátttakendur því að svara 48 spurningum rétt. Geti þátttakandi ekki svarað ákveðinni spurningu rétt fær hann aðra spurningu í sama sviði/stigi/flokki til að spreyta sig á. Geti þátttakandi ekki svarað henni rétt fær hann þriðju spurninguna í sama sviði/stigi/flokki en geti hann ekki svarað henni rétt fer þátttakandi á næstu spurningu án þess að hafa svarað spurningunni rétt.

Þegar þátttakandi svarar spurningu ekki rétt fær hann aðra spurningu í sama sviði/stigi/flokki. Því eru a.m.k. 3 spurningar á bak við hverja spurningu í verkefni og tilviljun ræður hvaða þátttakandi fær hvaða spurningu þannig að verkefni verði mismunandi milli þátttakenda. Þátttakandi getur samt ekki fengið sömu spurningu oft en einu sinni.

Framvindan í leiknum er í beinni línu. Það þýðir að þegar þátttakandi hefur klárað allar spurningarnar í efnissviðinu. Ég fer hann í efnissviðið Heimili og svo koll af kolli þar til hann klárar Samfélagið.

Stigagjöf

Stigagjöf í leiknum er einföld. Þátttakendur fá stig með þrennu móti.

1. Fyrir að svara hverri spurningu rétt - 100 stig.
2. Bónusstig fyrir að svara hverjum 4 spurningum (einu verkefni) í sem fæstum tilraunum.
 - a. 400 stig fyrir að svara þeim í 4 tilraunum.
 - b. 300 stig fyrir að svara þeim í 5 tilraunum.
 - c. 200 stig fyrir að svara þeim í 6 tilraunum.
 - d. 100 stig fyrir að svara þeim í 7 tilraunum.
 - e. Ekkert bónusstig fyrir að nota 8 eða fleiri tilraunir.
3. Á meðan á leiknum stendur fá keppendur ýmsa skildi fyrir vel unnin störf og þeir falið í sér auka stig.

Skráning

Skráning í leikinn er einföld. Allir geta skráð sig og tekið þátt. Þátttakendur skrá sig til leiks með facebookskráningu.